


## Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir - SLS

**Frá:** Anna Bragadóttir <anna.bragadottir@hornafjordur.is>  
**Sent:** föstudagur, 21. október 2022 13:51  
**Til:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS; Skipulagsstofnun - SLS  
**Efni:** FW: Umsagnarbeiðni - náma í Almannaskarði  
**Viðhengi:** Greinargerð um námu í Almannaskarði.pdf; image001.jpg



Góðan daginn, umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar tók fyrir erindi þitt á fundi þann 17. október 2022.

Eftirfarandi umsögn var bókuð:

*Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að í skýrslunni sé nægilega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun og því ekki þörf á frekara mati á umhverfisáhrifum. Nefndin leggur áherslu á góða umgengni á vinnslutíma og að dregið verði úr sjónrænum áhrifum eins og frekast er kostur. Umhverfis- og skipulagsnefnd bendir á að til þess að hægt sé að taka áfram efni úr námunni þarf að gera breytingu á aðalskipulagi. Tryggja þarf að leiðin um Almannaskarð sé opin fyrir umferð í neyðartilvikum og þeim tilvikum þar sem ökutæki komast ekki um göngin. Vegurinn um Almannaskarð er einnig vinsæl gönguleið og mikilvægt að tekið sé tillit til þess við vinnslu í námunni.*

Fundargerð má nálgast gegnum eftirfarandi hlekk (mál nr. 4):

[Fundargerðir | Hornafjörður \(hornafjordur.is\)](#)

Með kveðju, Anna Braga

---

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>

**Sent:** 26.09.2022 13:55:08

**To:** postur@minjastofnun.is ;Kristinn Magnússon ;Snorri Sigurðsson - NI ;Móttaka - NI ;Heilbrigðiseftirlit Austurlands ;Borgþór Freysteinnsson ;Erna Bára Hreinsdóttir - VG ;Vegagerðin - VG ;Umhverfisstofnun (ust@ust.is) ;Afgreiðsla Ráðhúsi ;Gauti Árnason

**Subject:** Umsagnarbeiðni - náma í Almannaskarði

Til Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðar ríkisins

Góðan dag

Jarðfræðistofan Stapi hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttekin 26. september 2022, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að móttakandi þessa tölvupósts gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort þið teljið að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þið teljið þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila fylgir í viðhengi.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir **25. október 2021** á tölvupóstföngin: [sigurdur.asbjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).


Umsagnarbeiðnin er eingöngu send í tölvupósti.

Með kveðju,

Sigurður Ásbjörnsson

---

**Sigurður Ásbjörnsson**  
sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
[Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is](mailto:Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is)  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)






# HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



28. september 2022

## Náma í Almanaskarði, umsögn tilkynningu

Með tölvupósti þann 26. september sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Austurlands um áframhaldandi efnistöku úr námu Litlahorns ehf. í Almanaskarði.

Í tilkynningu frá Verkfræðistofnunni Stapa sem dagsett er þann 26. September sl. kemur fram að á undanförunum 25 árum hafi samtals verið unnir um 250.000 þúsund rúmmetrar af efni úr námunni í Almanaskarði. Gert er ráð fyrir því á næstu árum stækki áhrifasvæði námunnar úr 25.000 m<sup>2</sup> í 75.000 m<sup>2</sup> og að heildarvinnsla af efni út námunni á næstu 20 árum geti numið allt að 400.000 m<sup>3</sup>. Við frágang námunnar er gert ráð fyrir því að kantar hennar verði jafnar út í fláa og þar með dregið mjög úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar.

Fyrirhuguð starfsemi fellur undir tölulið 2.6. í X viðauka reglugerðar 550/2018. Starfsemin er því háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands. Rétt er að taka fram að ekki hefur verið gefið út starfsleyfi vegna starfseminnar, þrátt fyrir að efni hafi verið tekið úr námunni í nærfellt 30 ár eins og segir í greinargerðinni.

Heilbrigðisnefnd bendir á að skv. aðalskipulagi er efnistökusvæðið (E 27) 35.000 m<sup>2</sup> að stærð en í greinargerðinni er gert ráð fyrir að raskað svæði verði öllu stærra eða allt að 75.000 m<sup>2</sup>. Jafnframt er bent á að efnistökusvæðið er í stærðarflokki 3 (10.001-49.999 m<sup>3</sup>) í greinargerðinni er gert ráð fyrir mun meiri efnistöku eða allt 400.000 m<sup>3</sup>


Þá er ítrekað að ekkert starfsleyfi er í gildi vegna starfseminnar og efnistaka úr námunni er því ekki heimil fyrr en starfsleyfi hefur verið gefið út.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 21. október 2022  
Mf202210-0082/ 6.07 / K.M.

## Efni: Stækkun námu í Almannaskarði í Sveitarfélaginu Hornafirði.


Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 26. sept. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirtækið Litlahorn ehf áformar að halda áfram efnistöku úr námu í skriðu norðan við gamla veginn yfir Almannaskarð að vestanverðu. Efni hefur verið tekið á þessum stað síðastliðin 25 ár. Svæðið sem fyrirhugað er að vinna á næstu árum mun stækka áhrifasvæði í skriðunni til vesturs úr um 25.000 m<sup>2</sup> í 75.000 m<sup>2</sup>. Þá er gert ráð fyrir að vinnslan verði að hámarki 20.000 m<sup>3</sup> á ári næstu 20 árin. Í skýrslu framkvæmdaraðilans kemur fram að engin mannvirki eru á svæðinu og að ekki er fyrirhugað að reisa þar mannvirki.

Í skýrslunni segir að aukin efnistaka á svæðinu muni fyrst og fremst hafa sjónræn áhrif. Ekki er fjallað um fornleifar í skýrslunni. Á herforingjaráðskorti frá árinu 1905 má sjá að leiðin um Almannaskarð lá þá þar sem bílvegur var síðan lagður. Þetta er gamli vegurinn sem er neðan við efnistökusvæðið. Öll ummerki gömlu leiðarinnar hafa horfið á þessu svæði þegar bílvegurinn var lagður á sínum tíma.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum en minnir á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Sigurður Ásbjörnsson ([sigurdur.ashjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.ashjornsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnstigi og ekki kærnlegar til aðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 24.10.2022  
Málsnúmer: 202209-0024  
IAS

**Efni: Umsögn vegna tilkynningu um áframhaldandi efnistöku við Almennaskarð.**

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 29. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um tilkynningu um fyrirhugað framhald efnistöku úr námu við gamla veginn yfir Almennaskarð, í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér greinagerðina með tilkynningunni og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Hins vegar er allt of lítið gert úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og eru fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir óljósar, ásamt því að ólíklegt er að þær dugi til að draga úr umhverfisáhrifum.

Almennt er efnistaka úr skriðum óæskileg þar sem hún getur haft veruleg sjónræn áhrif í landslagi og verið til mikilla lýta á umhverfinu. Forðast ætti efnistöku úr skriðum eins og kostur er og alls ekki vera með námur í skriðum á áberandi stöðum í fallegu landslagi. Sérstaklega er varhugavert að fara með námur djúpt inn í skriðufótinn þar sem það raskar jafnvægi skriðunnar og getur valdið hruni, ekki bara úr efri hluta skriðunnar heldur líka úr klettum fyrir ofan þar sem stuðningur við þá minnkar.

Nú þegar hafa verið unnir 200 til 250 þúsund m<sup>3</sup> úr námunni í Almennaskarði og er hún á vef um efnistöku og frágang, sem settur var upp í samstarfi Vegagerðarinnar, Landsvirkjunar og Umhverfisstofnunar, tekin sem dæmi um námu í skriðu í fallegu umhverfi sem mjög mikil lýti er af og nær ómögulegt sé að ganga frá svo vel fari (<https://www.namur.is/undirbuningu/efnistaka-ur-skridum/>).

Áætlað er að taka um 400 þúsund m<sup>3</sup> af efni til viðbótar á næstu 20 árum og að við frágang á svæðinu er reiknað með að kantar námunnar verði jafnaðir í fláa. Ef af verður mun því naman halda áfram að vera verulegt lýti á landslagi í að minnsta kosti næstu 20 ár og líklega um ókomna framtíð.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að hætta eigi efnistöku á þessum stað nú þegar og fara í að ganga frá námunni þannig að sómi sé að.


Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur





Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík, 13. október 2022  
UST202209-250/B.S.  
10.05.01

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - náma í Almanaskarði. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 27. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun er kunnugt um að efnistaka hófst þarna þegar unnið var við gerð Almanaskarðsganga án þess að efnistakan fengi formlega meðferð.

Bent skal á að þessi náma er, á heimasíðunni namur.is, tekin sem dæmi um efnistöku í skriðu sem er til lýta og þeir aðilar sem að heimasíðunni standa telja að ekki eigi að fara í efnistöku í skriðum og alls ekki eins og hér hefur verið gert. Þessir aðilar eru auk Umhverfisstofnunar, Landsvirkjun og Vegagerðin.

Umhverfisstofnun vill benda á að fallegar og litríkar skriður setja einstaklega glæsilegan svip á landslagið á þessu svæði. Því ætti ekki að taka efni úr þessum skriðum sem mun verða til lýta um alla framtíð. Umhverfisstofnun bendir á að hér er um að ræða framkvæmd sem er óafturkræf og möguleikar um mótvægisáðgerðir eru fáir sem engir.


Umhverfisstofnun telur að hér sé um framkvæmd að ræða sem mun hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og ætti að leita allra leiða til að hindra frekari spjöll á þessum stað.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Axel Benediktsson,  
*sérfræðingur*

**Sigurður Ásbjörnsson**  
sérfræðingur, svið umhverfismats  
Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík  
[Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is](mailto:Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is)



### Matsfyrirspurn, námuvinnsla í Almannaskarði. Umsögn.

Vegagerðin telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni í innsendum gögnum.

Í matsskýrslu kemur fram að veginum verði haldið opnum fyrir þá umferð sem þarf að nota veginn. Vegagerðin bendir á að leiðin um Almannaskarð hefur verið notuð fyrir undanþáguakstur með farm sem ekki kemst um göngin. Leiðin er jafnframt mikilvæg fyrir neyðarakstur í þeim tilvikum sem loka þarf göngunum.

Síða 1/1

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Erna Bára Hreinsdóttir  
forstöðumaður Skipulagsdeildar

**Vegagerðin**  
Suðurhrauni 3  
210 Garðabæ  
+354 522 1000

vegagerdin.is  
@vegagerdin.is